

Atvinnuveganefnd Alþingis

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður

Umsögn Strandveiðifélags Íslands um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnarkerfisins, 126. mál.

Strandveiðifélag Íslands (STÍ) þakkar fyrir tækifærið að senda inn umsögn um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnarkerfisins. Við fögnum þessari þingsályktun og styðjum heils hugar öll þrjú aðalatriði hennar: „að efla félagslega hluta fiskveiðistjórnarkerfisins með aukinni hlutdeild í heildarafla, endurskoðun á skiptingu aflamagns innan kerfisins og hlutverki hverrar aðgerðar innan þess.“

Smábátaveiðar hafa stuðning íslensku þjóðarinnar eins og skýrt kom fram í niðurstöðum úr skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. 72,3% landsmanna telja að hlutfall af heildarkvóta eigi að vera hærra fyrir strandveiðar en það er nú. Hvað varðar afstöðu þjóðarinnar til stærðar fyrirtækja í sjávarútvegi töldu lang flestir heppilegast að það væri jafnvægi milli fárra stórra fyrirtækja og margra smærri fyrirtækja (tafla 134), og skoðanir almennings hallast frekar í átt að smærri útgerðum.



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Tafla 134. Hvar vildir þú helst sjá stöðu sjávarútvegs á Íslandi?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
0 · Mörg lítil fyrirtæki og áhersla á byggðamál	56	6,9%	1,7%	■ 6,9%
1	21	2,5%	1,1%	■ 2,5%
2	39	4,8%	1,5%	■ 4,8%
3	84	10,3%	2,1%	■ 10,3%
4	88	10,8%	2,1%	■ 10,8%
5 · Mitt á milli	359	43,7%	3,4%	■ 43,7%
6	42	5,1%	1,5%	■ 5,1%
7	61	7,4%	1,8%	■ 7,4%
8	28	3,4%	1,2%	■ 3,4%
9	13	1,6%	0,9%	■ 1,6%
10 · Fá stór fyrirtæki og áhersla á hagræði í greininni	29	3,5%	1,3%	■ 3,5%
Alls	821	100,0%		
Fjöldi svaraenda	821	72,5%		
Veit ekki	123	10,8%		
Vil ekki svara	189	16,7%		
Heildarfjöldi	1133	100,0%		

Í núverandi kerfi er vonlaust að afla sér og sínum lífsviðurværis með smábátaútgerð. Kerfið er algjörlega sniðið að þörfum stærstu útgerðanna á meðan að þrengt hefur verulega að útgerðarflokkum sem rúmast illa innan kerfis sem hvetur til samþjöppunar.

Eins og staðan er í dag er stór hluti 5,3% kerfisins að renna til útgerðaraðila sem hafa þegar fengið forskot í formi gjafakvóta, bæði uppsjávarafla og bolfiskaflla. Þetta hefur leitt til þess að ný kynslóð smábátasjómannanna á engan möguleika á að koma sér inn í greinina. Það er því full ástæða að endurskoða skiptingu aflamagns innan kerfisins með það í huga að forgangsraða kvótalausum og kvótalitlum smábátaútgerðum.

Ástæðan er ærin. Strandveiðar hafa sannað gildi sitt og rökin fyrir styrkingu kerfisins eru ótvíræð. Í grunninn eru það fjögur grundvallaratriði sem gera strandveiðarnar að sérstaklega aðlaðandi valkosti:

1. Umhverfissjónarmið:

Strandveiðar eru umhverfisvænustu veiðarnar, hvort sem litið er til kolefnisspors (olíunotkun er brot af því sem togarar brenna), röskunar á lífríki sjávar (aðeins 2,5 kílógramma stálsakka snertir botninn), meðafla (kjörhæfni handfæra er góð varðandi val á tegund, og fuglar/sjávarspendýr þekkjast ekki sem meðafla), eða plastmengunar (töpuð veiðarfæri einskorðast við stálsökkur og u.þ.b. hálfan meter af nælonspotta, og ef til vill stöku krók). Með smávægilegum breytingum á kerfinu má gera það enn umhverfisvænna. Til dæmis væri hægt að minnka olíunotkun til muna ef landa mætti sama magni á færri dögum og fækka þannig veiðiferðum.

2. Gæðasjónarmið:

Afli strandveiða er fyrsta flokks vara sem er afar eftirsótt um allan heim. Þrjú atriði gera aflann sérstaklega verðmætan. Í fyrsta lagi er öllum afla landað samdægurs. Þegar vel þróað kerfi tekur við aflanum í höfn er fullunnin afurð komin á disk neytenda á skömmum tíma, þar með talið í Evrópu og Bandaríkjunum. Verðmæti fisks rýrnar tiltölulega hratt – því ferskari sem hann er, þeim mun verðmætari er hann. Í öðru lagi er meðferð fisksins góð þar sem að hann er ekki kraminn, hann er blóðgaður um leið og hann er dreginn úr sjó, og ekki þarf að frysta hann. Í þriðja lagi þá verður krafan um vistvænar og félagslega ábyrgar vörur æ háværi með hverju ári. Hér vegur umhverfissjónarmiðið þungt, en ekki síður byggða- og sjálfstæðissjónarmiðin. Arnar Atlason, formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda, [orðar það þannig](#): „Einyrkinn með gogginn er ljósmynd sem helstu netsölufyrirtæki heimsins á ferskum fiski vilja á heimasíður sínar.“

Með styrkingu kerfisins mætti auka gæði enn frekar. Óheimilt er að veiða á föstudögum, laugardögum, sunnudögum og rauðum dögum. Strandveiðimönnum er því þröngur stakkur sniðinn, og margir freistast til að róa þegar veður er ekki hagstætt. Þá sækja menn frekar mið nálægt landi, þar sem fiskur er oft smærri og verðminni. Eins og segir í [skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um atvinnu- og byggðakvóta](#), þá „geta veður, önnur atvinna, fjölskylduaðstæður og fleiri þættir verið með þeim hætti að mun hagstæðara sé fyrir eiganda fiskiskips að stunda veiðar á þessum dögum. Óþarft virðist að löggjafarvaldið takmarki hvaða daga eigandi fiskiskips nýtir til strandveiða.“ Trillukörnum væri þar með frjálst að róa þegar veður er best og sækja stærsta og verðmætasta fiskinn.

3. Byggðasjónarmið:

Strandveiðar eru mikilvægur liður í því styrkja brothættar byggðir og glæða sjávarpláss lífi á ný. Þær eru engin töfralausn, en eiga hiklaust að leika stórt hlutverk í stefnumótun ríkisins í byggðamálum.

Kosturinn við strandveiðar er að þær eru alfarið sjálfsprottin grasrótar lausn á byggðavandanum.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, hefur [sagt](#) að það að treysta byggðir í landinu sé „í sjálfu sér ekki sjálfstætt markmið, og mér finnst það að vissu leiti ósanngjörn umræða þegar þannig er talað að það sé á ábyrgð atvinnugreinarinnar að treysta byggð í landinu, ef að það er ekki gert þá þurfi stjórnvöld einhvern veginn að grípa inn í“. Reynslan sýnir að kvótakóngunum þykir lítið til byggðasjónarmiða koma. Störf og afkoma einstaklinga eru lítið annað en það á taflborði þeirra. Innan strandveiðikerfisins er það hins vegar fólkið í landinu sem stjórnar för. Strandveiðar eru þar að auki algjörlega sjálfbær liður í því að styrkja brothættar byggðir. Þeim fylgir enginn kostnaður fyrir skattgreiðendur, þar sem að strandveiðiflotinn leggur miklu meira til ríkisins en hann tekur út.

4. Sjálfstæðissjónarmið:

Strandveiðar opna dyr fyrir þá sem vilja stunda sjósókn óháð duttlungum stórútgerðarinnar, enda er kerfið sprottið af [úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna](#) um rétt til atvinnufrelsis og rétt til að velja sér búsetu. Réttur sjómanna til að sækja sjóinn frá sinni heimahöfn er augljóst dæmi um hvernig strandveiðar ýta undir sjálfstæði einstaklinga, en aðrir njóta líka góðs af. Kvótalausir fiskframleiðendur, útflytjendur og þeir sem vinna við hin ótal mörgu afleiddu störf fá þannig fleiri tækifæri til að stunda vinnu í sinni heimabyggð.

Niðurlag

Tilkoma strandveiðikerfisins var mikið heillaspor fyrir þau sjávarpláss sem fóru halloka úr kvótakerfinu. Strandveiðar hafa sannað gildi sitt, og ljóst er að þær hafa leitt af sér mikla, mikilvæga og sjálfbæra atvinnusköpun á landsbyggðinni. Þó er ennþá nokkuð langt í land að kerfið vinni þannig að það geti uppfyllt markmið sín. Þessi þingsályktun myndi sigla þessum markmiðum í höfn. Við styðjum þær heils hugar.

Virðingafyllst,

Kjartan Sveinsson, formaður Strandveiðifélags Íslands